

Áskriftarréttindi – Icelandair Group hf.

Icelandair Group hf. var með hlutfjárútboð í september 2020. Útboðsgengi var 1,0 króna á hlut. Alls bárust yfir 9 þúsund áskriftir. Þessum nýju hlutum fylgdu 25% áskriftarréttindi, þ.e. réttur (en ekki skylda) til að kaupa til viðbótar hlutabréf sem eru einn fjórði af nafnverði þeirra hlutabréfa sem viðkomandi skráði sig fyrir. Áskriftarréttindunum var skipt í þrennt, fyrstu kaup í september 2021 (gengi 1,13), kaup tvö voru í febrúar 2022 (gengi 1,22) og þriðju og síðustu kaupin voru í ágúst 2022 (gengi 1,3).

Nýting áskriftarréttindanna fór almennt þannig fram að skráðir eigendur fengu innheimtukröfu í netbanka. Greiðsla innheimtukrafnanna var valkvæð en greiðslan jafngilti yfirlýsingu um að fjárfestir vildi nýta áskriftarrétt sinn.

Dæmi:

Pétur keypti hlutabréf í hlutfjárútboði Icelandair Group hf. fyrir 100.000 kr. að nafnverði. Gengi hlutabréfanna var 1 þannig að kaupverðið var líka 100.000 kr. Um leið fékk hann áskriftarréttindi til að kaupa til viðbótar hlutabréf að nafnverði 25.000 kr. Sú fjárhæð skiptist í þrennt. Fyrst 12.8.2021, hlutabréf að nafnverði 8.333 kr. á 9.416 kr., næst 18.2.2022 hlutabréf að nafnverði 8.333 kr. á 10.166 kr. og loks 13.8.2022 hlutabréf að nafnverði 8.333 kr. á 10.833 kr.

Í framtali 2021 gerði Pétur grein fyrir kaupum á hlutabréfum í Icelandair Group hf. fyrir 100.000 kr. að nafnverði, kaupverð 100.000 kr. á hlutabréfablaði RSK 3.19. Hann á því hlutabréf að nafnverði 100.000 kr. í árslok 2020.

Í framtali 2022 gerði Pétur grein fyrir kaupum á hlutabréfum í Icelandair Group á grundvelli áskriftarréttinda fyrir 8.333 kr. að nafnverði, kaupverð 9.416 kr. Hann á því hlutabréf að nafnverði 108.333 kr. í árslok 2021.

Í framtali 2023 þarf Pétur að gera grein fyrir kaupum á hlutabréfum í Icelandair Group á grundvelli þessara tveggja áskriftarréttinda. Annars vegar hlutabréf að nafnverði 8.333 kr. á 10.166 kr. og hins vegar að nafnverði 8.333 kr. á 10.833 kr. Hann á því hlutabréf að nafnverði 125.000 kr. í árslok 2022.

Greiðsla á valgreiðslukröfum Icelandair Group hf. í heimabanka í febrúar og (eða) ágúst 2022 felur í sér nýtingu á áskriftarréttindum sem gera skal grein fyrir á hlutabréfablaði sem kaupum á hlutabréfum.

Fara skal inn á hlutabréfablaðið til að gera grein fyrir breytingum á hlutabréfaeign. Til að gera grein fyrir kaupum á grundvelli áskriftarréttinda er smellt á [h](#) hnappinn sem er milli kennitölu og nafns félagsins.

Þrep 1 af 3

Hlutabréfakaup og aðrar breytingar til hækkunar á árinu 2022

Kennitala félags Kennitala eiganda Ógilda færslu

Nafn félags

Hlutabréf keypt í félaginu á árinu 2022

Dagsetning	Kennitala seljanda	Nafnverð	Kaupverð
18.02.2022	6312051780	8.333	10.166
12.08.2022	6312051780	8.333	10.833

[» Ný lína](#) Nafnverð og kaupverð færast í dálka 5 og 6 á RSK 3.19

Innborgun hlutfjár við stofnun hlutfélags færast hér að neðan sem "Aðrar breytingar til hækkunar á árinu".

Aðrar breytingar til hækkunar á árinu 2022

Hvaða breyting?	Kennitala	Hækkun nafnverðs	Hækkun kaupverðs
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

[» Ný lína](#) Breytingar færast sjálfkrafa í dálka 7 og 8 á RSK 3.19

Ekki er um að ræða hlutabréfakaup eða aðrar breytingar til hækkunar í þessu félagi á árinu, þarf ekki að fylla þennan kafla út.

Þrep 1 af 3

[Áfram](#) [»](#)

[«](#) [Til baka](#)

Prenta blað